

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Reykjakot I.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 26. maí 2016 samþykkt deiliskipulag og umhverfisskýrslu fyrir land Reykjakots I. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga. Athugasemdafresti lauk 12. maí 2016. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Skipulagssvæðið markast af 3,33 ha landi Reykjakots I, landnr. 171794, Ölfusi. Deiliskipulagstíllagan felur í sér að afmarka byggingarreit umhverfis núverandi mannvirki og 3 nýja byggingarreiti til viðbótar fyrir íbúðarhús. Tillagan er í samræmi við aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 sem sýnir að innan þessa reits, Í2, er heimilt að byggja allt að 4 íbúðarhús ásamt geymslum. Óveruleg breyting var gerð með að færa byggingarreiti til austurs um 10 m innan skipulagssvæðisins.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Eldhestar ehf.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 23. júní 2016 samþykkt breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu fyrir land Eldhesta ehf. sem er úr jörðinni Völlum. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdafresti lauk 15. júní 2016. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Tillagan sýnir stækkun byggingarreita og eru allar fyrri deiliskipulagsbreytingar settar saman í eitt breytt deiliskipulag og falla þá fyrri skilmálar úr gildi við samþykkt á breytingunni. Nýtt skipulag sýnir rýmri byggingarreiti með heimildum fyrir aukið byggingarmagn.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Árbær I, land I, Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 25. ágúst 2016 samþykkt breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu fyrir Árbæ I, land I. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdafresti lauk 29. júlí 2016. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Landið er um 2,5 ha og liggur upp að mörkum Sveitarfélagsins Árborgar. Aðkoma að landinu er frá Árbæjarvegi nr. 3710. Innan byggingarreits er fyrirhugað að byggja allt að 250 m² íbúðarhús og bílgeymslu sem og gesta-/svefnhús, geymslu og gróðurhús sem hvert verði mest 50 m² að stærð.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Grænhóll, Grænhóll 1, Grænhóll 2 og Strýta, Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 25. ágúst 2016 samþykkt deiliskipulag og umhverfisskýrslu fyrir land Grænhóls, Grænhóls 1, Grænhóls 2 og Strýtu. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga. Athugasemdafresti lauk 7. júlí 2016. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Um er að ræða byggingarreit við Grænhól, B1, viðbyggingu við eldra hesthús, stækkun eldra hesthúss, allt að 420 m² á einni hæð með mestu mænishæð 6 m. Á S4 í landi Grænhóls er heimilt að byggja 25 m² aðstöðuhús sem tengist reiðvellinum.

Deiliskipulagið kveður ekki á um breytta starfsemi á svæðinu og hefur ekki veruleg áhrif á umhverfið. Í skipulaginu er tekið á forminjum, reiðleiðum og aðkomu að hverjum byggingarreit.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laxabraut 9, Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 25. ágúst 2016 samþykkt deiliskipulag og umhverfisskýrslu fyrir Laxabraut 9. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga. Athugasemdafresti lauk 7. júlí 2016. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Laxabraut 9 er 28.680 m² með aðkomu að lóðinni frá Laxabraut og er skipt upp í tvö svæði. Á norðursvæði verður ferskvatnsstöð með eldiskála og starfsmannahúsi. Á suðursvæði verður sjóeldisstöð þar sem eru yfirbyggð eldisker. Þar verða einnig byggingar fyrir tæknibúnað, dæluhús, verkstæði, spennahús og varaafsstöð. Fráveita frá stöðinni verður í samræmi við ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og í samræmi við reglugerð nr. 798/1999.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ósgerði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 23. júní 2016 samþykkt deiliskipulag og umhverfisskýrslu fyrir 5 ha af heimalandi Ósgerðis. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga. Athugasemdafresti lauk 27. maí 2016. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Spildan sem tekin er til skipulags er 5 ha og liggur við Arnarbælisveg nr. 375. Flóðahætta er skilgreind í aðalskipulagi og sýnd flóðaför frá 1983 samkvæmt gögnum frá Veðurstofunni. Byggingarreitir íbúðarhúsa liggja hærra í landinu, utan við svæðið sem skilgreint er að flóð geti náð til. Á lóðinni eru 4 byggingarreitir. Byggingarreitur B4 er að hluta innan svæðis sem skilgreint er að flóð nái til. Byggingin verður sett á púða þannig að hún verður yfir flóðamörkum.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 28. september 2016.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.